**Ed.** **807. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á Sauðárkrókshöfn og um hvernig verja megi landbroti á kauptúninu.

Frá fjárlaganefnd.

Efri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að láta rannsaka og gera áætlanir um:

1. Hvernig varna megi því, að höfnin grynnist og eyrin norðan við höfnina eyðist.
2. Hvernig varna megi því, að sjórinn brjóti landið í kauptúninu norðanverðu og á milli kauptúnsins og eyrarinnar norðan við höfnina.